Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leið- 1862.
beiningar, og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er 27. októberm.
á, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, fellst á, að cand. phil. Halldór Guðmundsson sè fyrst um sinn settur sem kennari við skólann, með þeim kjörum sem þèr hafið stungið upp á, og sè það talið frá 1. degi þessa mánaðar; en því skal við bætt, að farið er að skrifast á við fjárstjórnina um, hvort Jón Þorkelsson, settur aðjunkt, eigi að fá launaviðbót eptir kornverði þann tíma, sem hann er settur til að gegna 4. aðjunktsembættinu við Reykjavíkurskóla.

---

66. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 27. októberm.
valdanna á Íslandi, um styrk til að gefa út þýðing yfir nokkra kafla úr nýja-testamentinu.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, háæruverðugi herra, 14. ágústm. þ. á., frá Pètri prófessor Pèturssyni og Sigurði prestaskólakennara Melsteð í Reykjavík, um styrk til að gefa út 3. deild af riti, sem þeir hafa byrjað á, og heitir: „Þýðing yfir útvalda kafla úr nýja-testamentinu", hefir stjórnarráðið veitt beiðendunum 100 ríkisdali, er það hefir gjört ráð fyrir, að þessi deild ritsins eigi verði stærri en fyrsta deild.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi í dag hefir verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

67. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 27. októberm.
valdanna á Íslandi, um reglugjörð fyrir barnaskólann í Reykjavík, og instrúx handa kennurunum við skóla þenna.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 16. júlím. þ. á.

1862. 27. októberm. hefir meðtekið álitsskjal skólanefndarinnar, það er beðið var um í brèfi hèðan 22. maím., viðvíkjandi því, er bæjarstjórnin í Reykjavík hafði stungið upp á, að styttur yrði kennslutíminn í barnaskóla þeim, sem nú er búið að stofna í kaupstað þessum, þá hefir stjórnarráðinu virzt, að taka ætti til greina uppástungu bæjarstjórnarinnar í þessu efni, og hefir það í dag gefið út samkvæmt tilskipun 11. desemberm. 1860 reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík og instrúx fyrir kennarana við skóla þenna.

Um leið og yður með brèfi þessu eru send skjöl þau, er nú var getið, skal því við bætt, að kirkju- og kennslustjórninni hefir virzt rèttast að fallast ekki á uppástungu bæjarstjórnarinnar um að sleppt skyldi úr 18. grein frumvarpsins ákvörðununum um undirkennarann; því gjöra má ráð fyrir, að nauðsyn verði á þegar fram líða stundir að skipa tvo fasta kennara við skólann, en á hinn bóginn fellst stjórnarráðið á, að fyrst um sinn sè að eins skipaður einn kennari, er fái þau laun, sem eptir 18. grein eru ætluð yfirkennaranum; þess skal og getið, að það er vitaskuld, að skólastjórnin, hvenær sem er, getur tekið tímakennara eptir þörfum skólans fyrir borgun þá, sem um verður samið.

---

27. októberm. **68. Reglugjörð um barnaskólann í Reykjavík.**

I.

Um ætlunarverk skólans, inntöku barnanna í hann, kennslu þeirra og yfirheyrslu, og um útskript þeirra úr skólanum.

1. gr. Það er ætlunarverk skólans að gjöra úr börnunum ráðvanda og siðferðisgóða menn og veita þeim þá þekking og kunnáttu, að þau geti orðið nýtir borgarar í þjóðfèlaginu.

2. gr. Í barnaskólann má veita viðtöku sèrhverju barni í Reykjavíkurkaupstað, sem orðið er fullra 7 ára að aldri og er þannig undirbúið, sem nákvæmar er ákveðið í áætluninni um, hvað kennt skal í skólanum. Svo má og taka í skólann börn, sem eiga heima annarstaðar en í kaupstaðnum, með því skilyrði, er nú var getið, að svo miklu leyti sem rúm er til þess.